

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 18. maí 2020

Mál nr. E-2455/2019:

Kristján Ingi Einarsson og

Ásdís Lilja Emilsdóttir

(Sigmundur Hannesson lögmaður)

gegn

Hálfdáni Gunnarssyni og

Burkna Aðalsteinssyni

(Helga Björg Jónsdóttir lögmaður)

Mál þetta, sem var dómtekið 29. apríl 2020, var höfðað 28. og 31. maí 2019 af Kristjáni Inga Einarssyni og Ásdísi Lilju Emilsdóttur, báðum til heimilis að [...], gegn Hálfdáni Gunnarssyni, [...], og Burkna Aðalsteinssyni[...].

Stefnendur krefjast þess að stefndu verði dæmdir *in solidum* til að greiða þeim 3.700.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 100.000 krónum frá 15. júní 2009 til 8. janúar 2019, en af 3.350.000 krónum frá þeim degi til 30. janúar 2019, en af 3.700.000 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þess er jafnframt krafist að vaxtavextir, sbr. 12. gr. laga nr. 38/2001, leggist við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta sinn 15. júní 2010. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefndu.

Stefndu krefjast aðallega sýknu og málskostnaðar úr hendi stefnenda. Til vara er krafist lækkunar á dómkröfu stefnenda og að málskostnaður falli niður.

Með úrskurði héraðsdóms 5. desember 2019 var kröfu stefndu um frávísun málsins hafnað.

I

Helstu málsatvik

Með kaupsamningi 12. mars 2007 keyptu stefndu alla hluti stefnenda í einkahlutafélaginu Leturprenti ehf., kt. 610688-1449, að nafnverði 200.000 krónur. Fram kemur í upphafi samningsins að stefndu Hálfdán og Burkni undirriti hann fyrir hönd óstofnaðs einkahlutafélags, HB prents ehf., en það félag var síðar stofnað og fékk kennitöluna 610307-0270. Samkvæmt 2. grein samningsins nam kaupverðið 86.189.944 krónum og skyldi það greiðast með nánar tilgreindum hætti. Í 4. gr. samningsins var að finna ákvæði sem bar fyrrsögnina „Aflétting veða“ og var það svohljóðandi: „Séu seljendur í persónulegum ábyrgðum fyrir félagið eða hafi lagt því

til veð fyrir lánnum í þágu félagsins, skal kaupandi létta þeim veðum eða ábyrgðum af seljendum eigi síðar en **15. júní 2007**. (þ.m.t. áhvílandi lán á Aflagrandu 4, Rvík.).“

Það er ágreiningslaust að til tryggingar skuldum og fjárskuldbindingum Leturprents ehf. við SP-Fjármögnun hf., samkvæmt fjármögnunarleigusamningi nr. SFL-15081, var gefið út tryggingarbréf nr. 149-63-00186 hinn 7. júní 2000, að fjárhæð 3.250.000 krónur, þar sem veittur var veðréttur í eignarhluta stefnenda í fasteigninni Aflagrandu 4 í Reykjavík, fastanúmer 202-5310.

Lögmaður stefnenda kveðst hafa sent stefndu ábyrgðarbréf annars vegar 22. febrúar 2008 og hins vegar 31. mars sama ár þar sem skorað var á þá að aflétta umræddu tryggingarbréfi, en ekki var brugðist við þessu af hálfu stefndu. Þar sem stefnendur töldu stefndu ekki hafa staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt samningnum höfðuðu þau í maí 2008 mál á hendur HB prenti ehf. og stefndu til afléttingar á því tryggingarbréfi sem hvíldi á fasteign stefnenda að Aflagrandu 4. Málinu, sem var nr. E-3280/2008, lauk með dómsátt sem var gerð 15. júní 2009 og var gerð grein fyrir henni í þingbók. Sáttin er svohljóðandi: „Stefndu, HB prent ehf., Hálfán Gunnarsson og Burkni Aðalsteinsson, aflétti tryggingarbréfi, útgefnu 7. júní 2000 (með breytingum 13. mars 2003 og 30. desember 2005) að fjárhæð kr. 3.250.000 sem hvílir á eign stefnenda, Kristjáns Inga Einarssonar og Ásdísar Lilju Emilsdóttur, Aflagrandu 4, Reykjavík, 1. veðrétti, eigi síðar en 1. september 2009. Verði ekki búið að aflýsa bréfinu fyrir 1. september nk. þá skulu stefndu, in solidum, greiða stefnendum kr. 3.250.000. Verði tryggingabréfinu ekk ii aflýst á réttum tíma greiði stefndu óskipt stefnendum 100.000 krónur í málskostnað.“

Það liggur fyrir að HB prent ehf. og stefndu afléttu ekki umræddu tryggingarbréfi eins og sáttin gerði ráð fyrir. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 21. mars 2013 var bú HB prents ehf. tekið til gjaldþrotaskipta. Kröfum stefnenda vegna framangreindrar sáttar var lýst í búið með kröfulýsingu 3. apríl 2014. Um var að ræða eignalaust bú og var skiptum lokið 27. júní 2013 án þess að greiðslur fengjust upp í lýstar kröfur.

Landsbankinn hf. eignaðist kröfur SP-Fjármögnunar hf., þar á meðal samkvæmt fyrrgreindum fjármögnunarleigusamningi SFL-15081, en það tryggingarbréf sem málið varðar er vegna hans. Landsbankinn hf. höfðaði mál gegn Kristjáni Inga Einarssyni sem var þingfest 29. júní 2017 þar sem þess var krafist að bankanum yrði með dómi heimilað að gera fjárnám inn í veðrétt í eignarhluta hans að Aflagrandu 4 samkvæmt fyrrgreindu tryggingarbréfi. Af hálfu Kristjáns var meðal annars krafist frávísunar málsins. Landsbankinn fór síðar fram á að málið yrði fellt niður, en ágreiningur reis um málskostnað. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 6. febrúar 2018 var málið fellt niður og var bankanum gert að greiða Kristjáni málskostnað. Landsbankinn hf. höfðaði að nýju mál gegn Kristjáni sem var þingfest 13. september

2018 og krafðist þess að honum yrði gert að þola fjárnám vegna skuldar Leturprents ehf. við stefnanda að fjárhæð 3.250.000 krónur inn í veðrétt samkvæmt fyrrgreindu tryggingarbréfi áhvílandi á fasteign hans að Aflagrandu 4. Greinargerð var skilað 20. nóvember 2018, en áður en málið var tekið til frekari meðferðar var íbúðin að Aflagrandu 4 seld. Vegna þessa mun Kristján Ingi hafa innt af hendi greiðslu sem nam 3.250.000 krónum vegna tryggingarbréfsins 8. janúar 2019. Með úrskurði 11. janúar 2019 var málið fellt niður að beiðni Landsbankans hf. og var stefnda Kristjáni Inga gert að greiða 350.000 krónur í málskostnað. Málskostnaðurinn var greiddur Landsbankanum hf. 30. janúar 2019.

II

Helstu málsástæður og lagarök stefnenda

Stefnendur byggja á því að stefndu standi í skuld við þau samkvæmt dómsáttinni sem var gerð 15. júní 2009 og nemi hún 3.250.000 krónum. Jafnframt beri stefndu að greiða málskostnað samkvæmt dómsáttinni sem nemi 100.000 krónum, sem og vegna þess málskostnaðar sem stefnendur þurftu að greiða Landsbankanum hf., sem nam 350.000 krónum. Krafan nemi því samtals 3.700.000 krónum.

Byggt er á því að stefndu hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt upphaflegum samningi málsaðila eða samkvæmt dómsáttinni. Verði ekki fallist á að stefnendur eigi lögvarða kröfu til greiðslu skuldar úr hendi stefndu er byggt á því að þau eigi kröfu til endurgreiðslu á þeim fjármunum sem þau voru knúin til að greiða Landsbankanum hf. vegna þeirra skuldbindinga sem stefndu virtu að vettugi. Verði ekki á það fallist er byggt á því að stefnendur eigi lögvarða kröfu um skaðabætur, sem nemi stefnufjárhæð, vegna þess tjóns sem stefndu ollu þeim með saknæmum og ólögmatum hætti.

Því er mótmælt að krafan sé fallin niður vegna fyrningar. Krafan sé að mestu leyti byggð á dómsátt og hafi nýr tíu ára fyrningarfrestur byrjað að líða þegar sáttin var gerð samkvæmt 2. mgr. 21. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfuréttinda, sbr. jafnframt 1. tölul. 4. gr. eldri laga nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfuréttinda. Mál hafi verið höfðað áður en fyrningarfresturinn leið undir lok og geti krafan því ekki talist fyrnd. Þá er röksemdum stefndu fyrir sýknu mótmælt, þar með talið um aðildarskort og um að stefnendur hafi sýnt af sér tómlæti mótmælt. Í því sambandi er tekið fram að kröfu hafi verið lýst í þrotabú HB prents ehf., að aðilar hafi átt ýmis samskipti vegna kröfunnar, auk þess sem hún hafi verið viðurkennd af stefndu.

Um lagarök vísast einkum til meginreglna kröfuréttar um efndir fjárskuldbindinga og meginreglna skaðabótaréttar. Hvað varðar kröfu um dráttarvexti er vísað til III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu.

III

Helstu málsástæður og lagarök stefndu

Stefndu krefjast sýknu með vísan til þess að meint krafa stefnenda á hendur þeim sé fyrnd. Almennur fyrningarfrestur eigi við um kröfuna og sé hann fjögur ár, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2007, en ekki hafi verið um eiginlegt peningalán að ræða í skilningi 2. mgr. 5. gr. laganna. Miða beri upphaf fyrningarfrests við þann dag sem dómsáttin var gerð, 15. júní 2009, og hafi krafan því verið löngu fyrnd þegar málið var höfðað. Jafnvel þó að fyrningarfrestur kröfunnar væri talinn frá seinna tímamarki, það er þegar kröfu var lýst í þrotabú HB prents ehf., eða við skiptalok, hafi fyrningarfresturinn verið liðinn við málishöfðun. Tekið er fram að aðila greini ekki á um fjögurra ára fyrningarfrest kröfunnar, enda hafi stefnendur sjálfir byggt á þeim fresti í greinargerðum sínum vegna málishöfðunar Landsbankans hf. á hendur þeim. Stefnendur hafi þar byggt á því að krafa Landsbankans hf. á hendur þeim, sem þeir endurkrefja stefndu nú um, væri fallin niður vegna fyrningar.

Verði ekki fallist á að krafan sé fallin niður vegna fyrningar byggja stefndu kröfu um sýknu á aðildarskortu, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Jafnvel þó að krafa Landsbankans hf. á hendur stefnendum hafi verið fyrnd hafi þeir greitt bankanum kröfuna án nokkurs fyrirvara, en á því geti stefndu ekki borið ábyrgð og verði kröfu vegna þessa ekki beint að þeim. Stefnendum hafi með réttu borið að gera fyrirvara við uppgreiðslu kröfunnar og beina í framhaldinu endurkröfu að Landsbankanum hf. en ekki stefndu.

Að þessu frágengnu er byggt á því að stefnendur eigi ekki lögvarða kröfu á hendur stefndu. Stefnendur hafi sjálfir litið svo á að krafan væri fallin niður vegna fyrningar en samt sem áður engan fyrirvara gert við uppgreiðslu kröfunnar til Landsbankans hf. Þar sem um allsherjarveð var að ræða hafi veðtryggingin á grundvelli tryggingarbréfsins fallið niður samhliða fyrningu undirliggjandi krafna.

Það er jafnframt á því byggt að krafa stefnenda sé fallin niður vegna stórfellds tómlætis þeirra. Á þeim tíu árum sem eru liðin frá því að dómsáttin var gerð hafi stefnendur ekkert aðhafst og það þrátt fyrir að Landsbankinn hf. hafi í tvígang höfðað mál á hendur þeim vegna kröfunnar, en í hvorugu tilvikinu hafi kröfu verið beint að stefndu eða þeim verið sakaukastefnt.

Þá er skaðabótakröfu stefnenda alfarið hafnað. Krafan sé verulega vanreifuð og ekki rökstutt hvernig stefndu eigi að hafa valdið stefnendum tjóni með saknæmri og ólögumætri háttsemi.

Til stuðnings varakröfu um lækkun kröfu stefnenda er vísað til þess að þau krefjist meðal annars 100.000 króna vegna málskostnaðar samkvæmt dómsátt aðila, en sú krafa sé jafnframt fyrnd. Hvað varðar kröfu um málskostnað að fjárhæð 350.000 krónur, sem stefnendur greiddu Landsbankanum hf., hnígi hvorki efnis- né lagarök til

Þess að taka þá kröfu til greina. Ítrekað er að stefnendur gripu til varna í báðum málum og byggðu á því að kröfur bankans væru fyrndar, en sú ákvörðun að greiða kröfuna án nokkurs fyrirvara sé sem fyrr á ábyrgð þeirra. Þá eigi krafa stefnenda um að hluti af heildarfjárhæð kröfunnar beri dráttarvexti tíu ár aftur í tímann sér ekki lagastoð. Ekki séu heldur uppfyllt lagaskilyrði til að dæma dráttarvexti frá 8. janúar 2018 eða af heildarkröfunni frá 30. janúar 2019. Engin staðfesting liggja fyrir um að stefnendur hafi sent stefnda með sannanlegum hætti bréf eða greiðsluáskorun vegna kröfunnar. Fari svo ólíklega að kröfur stefnenda verði teknar til greina er þess krafist að dráttarvextir miðist við dómsuppsögu.

IV

Niðurstaða

Stefndu keyptu alla hluti stefnenda í einkahlutafélaginu Leturprenti ehf. hinn 12. mars 2007. Kaupin munu hafa verið gerð fyrir hönd óstofnaðs einkahlutafélags stefndu og var félagið, HB prent ehf., síðar stofnað. Það er óumdeilt að samkvæmt 4. gr. samningsins skyldu stefndu aflétta tryggingarbréfi að fjárhæð 3.250.000 krónur frá 7. júní 2000, sem hvíldi á eignarhluta stefnenda að Aflagranda 4 í Reykjavík. Tryggingarbréfið hafði verið gefið út vegna fjárskuldbindinga Leturprents ehf. við SP-Fjármögnun hf. samkvæmt nánar tilgreindum fjármögnunarleigusamningi. Þar sem stefnendur töldu stefndu ekki hafa staðið við þessa skuldbindingu höfðu þau mál á hendur þeim og HB prenti ehf. og kröfðust afléttingar á umræddu tryggingarbréfi. Eins og rakið hefur verið lauk málinu, sem var þingfest 8. maí 2008, með dómsátt 15. júní 2009. Samkvæmt efni dómsáttarinnar féllust stefndu á að aflétta umræddu tryggingarbréfi og hefði því ekki verið aflýst fyrir 1. september 2009 skyldu stefndu, in solidum, greiða stefnendum 3.250.000 krónur og 100.000 krónur í málskostnað. Við munnlegan málflutning var því hreyft af hálfu lögmanns stefndu að tilefni væri til að vísa málinu frá dómi *ex officio* vegna vanreifunar og skorts á gagnaframlagningu af hálfu stefnenda. Að mati dómsins er í ljósi málalíbúnaðar aðila unnt að taka afstöðu til sakarefnisins á grundvelli þeirra gagna sem liggja fyrir og er ekki ástæða til að vísa málinu frá dómi vegna vanreifunar. Þá var tekin afstaða til frávísunarkröfu stefndu með úrskurði 5. desember 2019.

Fyrrgreind dómsátt var gerð í samræmi við 109. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála og hafa stefndu ekki vefengt gildi hennar, sbr. 2. mgr. 110. gr. sömu laga. Þar sem stefndu höfðu ekki aflétt umræddu tryggingarbréfi 1. september 2009 bar þeim samkvæmt dómsáttinni að greiða stefnendum samtals 3.350.000 krónur. Líta verður svo á að þessi fjárkrafa hafi orðið gjaldkræf hinn 1. september 2009, eins og sáttin mælti fyrir um. Stefnendur hefðu getað leitað fullnustu kröfunnar með aðför með vísan til 3. tölul. 1. mgr. 1. gr. aðfararlaga nr. 90/1989, en samkvæmt ákvæðinu má fylgja skuldbindingum samkvæmt dómsátt eftir með aðför óháð því hvort samið

hafi verið um slíkt. Aftur á móti liggur fyrir að stefnendur kusu að láta ekki á það úrræði reyna. Þau lýstu kröfu á grundvelli dómsáttarinnar í þrotabú HB prents ehf. hinn 20. júní 2013, en eins og áður greinir var skiptum á búinu lokið án þess að greiðslur fengjust upp í lýstar kröfur. Þá liggur fyrir að Landsbankinn hf. krafðist tvívegis fjárnáms fyrir dómi með vísan til tryggingarbréfsins vegna skuldar samkvæmt fyrrgreindum fjármögnunarleigusamningi. Bæði málin voru felld niður, hið síðara þar sem Kristján Ingi greiddi bankanum 3.250.000 krónur til afléttingar á umræddu tryggingarbréfi 8. janúar 2019. Ástæðan fyrir því að þessi greiðsla var innt af hendi til Landsbankans mun hafa verið sala stefnenda á íbúðinni að Aflagrandu 4.

Stefndu reisa kröfu sína um sýknu meðal annars á því að kröfur samkvæmt dómsáttinni séu fyrndar. Fram kemur í 2. mgr. 21. gr. laga nr. 150/2007 um fyrningu kröfurettinda að hafi krafa verið dæmd eða um hana gerð dómsátt eða hún tekin til greina við málsmeðferð samkvæmt 16. gr. hefjist nýr tíu ára fyrningarfrestur sem reiknist frá þeim degi sem dómur gekk, dómsátt var gerð eða krafan var tekin til greina eða frá síðara tímamarki ef kröfuhafi getur fyrst þá krafist efnda. Í eldri lögum nr. 14/1905 um fyrning skulda og annarra kröfurettinda var jafnframt gert ráð fyrir því að fyrningarfrestur krafna samkvæmt dómsátt væri tíu ár, sbr. 1. tölul. 4. gr. laganna. Samkvæmt þeirri dómsátt sem aðilar gerðu gátu stefnendur fyrst krafist greiðslu þeirrar kröfu sem um ræðir, það er 3.350.000 króna, hinn 1. september 2009. Verður lagt til grundvallar að þann dag hafi tíu ára fyrningarfrestur byrjað að líða. Mál þetta var höfðað 28. og 31. maí 2019 og var fresturinn þá ekki liðinn. Samkvæmt þessu verður ekki fallist á að fjárkrafa stefnenda, sem byggð er á dómsáttinni, sé fallin niður vegna fyrningar.

Af hálfu stefndu er einnig á því byggt að sýkna beri þá vegna aðildarskorts, en því til stuðnings er lögð áhersla á að stefnendur hafi greitt Landsbankanum hf. 3.250.000 krónur í því skyni að aflétta umræddu tryggingarbréfi án fyrirvara, jafnvel þó að krafan hefði verið fyrnd. Hvað þetta varðar skal tekið fram að í þeim dómsmálum sem Landsbankinn hf. höfðaði var krafist fjárnáms með vísan til umrædds tryggingarbréfs sem hvíldi enn á fasteign stefnenda að Aflagrandu 4. Stefndu áttu ekki aðild að þessum málum, enda var réttarsambandi ekki til að dreifa á milli þeirra og Landsbankans hf. Þá verður ekki séð að stefnendum hafi verið skylt að grípa til aðgerða, svo sem með því að sakaukastefna þeim, eins og stefndu hafa vísað til. Eins og rakið hefur verið lauk málunum án þess að dómur væri felldur á þau og var því ekki tekin afstaða til þess hvort kröfur bankans væru fyrndar. Að mati dómsins verður ekki séð að sú staðreynd að Landsbankanum hf. var greidd sú fjárhæð sem var tilgreind í tryggingarbréfinu, til að unnt væri að aflétta því, án þess að fyrirvari væri gerður, geti haft þýðingu fyrir aðild að því dómsmáli sem hér er til meðferðar eða leitt til þess að krafa stefnenda teljist ekki lögvarin eins og stefndu halda fram. Þá verður

ekki annað séð en að stefnendur séu eigendur þeirra hagsmuna sem krafist er dóms um og að kröfum þeirra sé réttilega beint að stefndu. Getur því ekki komið til álita að sýkna stefndu vegna aðildarskorts, sbr. 2. mgr. 16. gr. laga nr. 91/1991. Það verður ekki heldur fallist á að varnir stefnenda í þeim dómsmálum sem höfðuð voru af Landsbankanum hf. geti leitt til þess að kröfur stefnenda í þessu máli, sem byggðar eru á dómsáttinni, teljist ekki lögvarðar eða að stefnendur hafi fyrirgert rétti sínum til að hafa þær uppi.

Stefndu hafa jafnframt krafist sýknu á þeim grunni að krafa stefnenda sé fallin niður vegna stórfellds tómlætis þeirra. Til þess er að líta að gögn málsins bera ekki með sér að stefnendur hafi gripið til aðgerða gagnvart stefndu eða leitast við að innheimta þá kröfu sem viðurkennd var með fyrrgreindri dómsátt 15. júní 2009 fyrr en með málsókn þessari. Kröfunni var hins vegar lýst í þrotabú HB prents ehf., sem var einkahlutafélag beggja stefndu, hinn 20. júní 2013. Þá var mál þetta höfðað stuttu eftir að stefnendur höfðu stofnað til fjárútláta með greiðslu til Landsbankans hf. 8. janúar 2019 í því skyni að aflétta umræddu tryggingarbréfi. Jafnframt ber að mati dómsins að horfa til þess að með dómsáttinni féllust stefndu á umrædda kröfu og samþykktu að inna af hendi greiðslu 3.350.000 króna hefði tryggingarbréfinu ekki verið aflýst 1. september 2009. Slík sátt er bindandi á milli aðila og stefndu hafa ekki talið tilefni til að vefengja gildi hennar, sbr. 1. og 2. mgr. 110. gr. laga nr. 91/1991. Að þessu virtu og þar sem um er að ræða ófyrnda peningakröfu, sem stefndu höfðu viðurkennt með dómsátt, verður ekki talið að þeir hafi getað haft réttmætar væntingar til þess að stefnendur hefðu fallið frá kröfunni. Málsástæðu stefndu um að krafan sé fallin niður vegna tómlætis af hálfu stefnenda er því hafnað.

Kemur þá til skoðunar varakrafa stefndu um lækkun á kröfu stefnenda. Krafan samanstendur af þeirri fjárkröfu sem viðurkennd var í dómsátt, málskostnaði samkvæmt dómsáttinni og þeim málskostnaði sem Kristjáni Inga var gert að greiða Landsbankanum hf. með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur frá 11. janúar 2019 vegna niðurfellingar dómsmáls þeirra á milli. Með vísan til þess sem áður hefur verið rakið ber stefndu að greiða þá þætti kröfunnar sem eiga stoð í dómsáttinni. Hvað varðar síðastgreinda þáttinn þá áttu stefndu, eins og áður greinir, ekki aðild að því dómsmáli sem um ræðir og verður ekki séð að lagarök standi til þess að þeim verði gert að greiða stefnendum þessa fjárhæð. Verður þannig hvorki fallist á að slík krafa eigi sér stoð í meginreglum kröfuréttar né skaðabótaréttar, sem stefnendur hafa vísað til, en fallast verður á með stefndu að röksemdir byggðar á sakarreglunni séu verulega vanreifaðar. Krafa stefnenda verður því lækkuð sem þessum þætti nemur. Samkvæmt þessu verður fallist á kröfu stefnenda um að stefndu verði gert að greiða þeim 3.350.000 krónur. Krafa stefnenda um dráttarvexti er þannig fram sett að krafist er dráttarvaxta af málskostnaði samkvæmt dómsáttinni frá 15. júní 2009 til 8. janúar

2019 þegar stefnendur inntu af hendi greiðslu til Landsbankans hf. í því skyni að aflétta tryggingarbréfinu, en af 3.350.000 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Til þess er að líta að stefndu bar, eins og áður hefur verið rakið, að greiða fjárkröfur samkvæmt dómsáttinni 1. september 2009. Aftur á móti verður fallist á með stefndu að dráttarvextir sem voru eldri en fjögurra ára við birtingu stefnu séu fyrndir, sbr. 3. gr. laga nr. 150/2007, en röksemdum um þetta var hreyft við munnlegan málflutning. Krafa stefnenda til dráttarvaxta fyrir 31. maí 2015 telst því vera fyrnd, en í ljósi framsetningar kröfugerðar stefnenda verður fallist á að stefndu greiði stefnendum 3.350.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 af 100.000 krónum frá 31. maí 2015 til 8. janúar 2019, en af allri fjárhæðinni frá þeim degi til greiðsludags. Krafa stefnanda um að dráttarvextir skuli leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti á sér stoð í 12. gr. laga nr. 38/2001 og er því ekki þörf á að kveða sérstaklega á um það í dómsorði, sbr. dóm Hæstaréttar frá 15. febrúar 2018 í máli nr. 53/2017.

Að virtum úrslitum málsins og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 verður stefndu gert að greiða stefnendum 800.000 krónur í málskostnað.

Ásgerður Ragnarsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D Ó M S O R Ð:

Stefndu, Hálfván Gunnarsson og Burkni Aðalsteinsson, greiði stefnendum, Kristjáni Inga Einarssyni og Ásdísi Lilju Emilsdóttur, óskipt 3.350.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 100.000 krónum frá 31. maí 2015 til 8. janúar 2019, en af 3.350.000 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Stefndu greiði stefnendum óskipt 800.000 krónur í málskostnað.

Ásgerður Ragnarsdóttir